



Reykjavík, 20. júní 2020

Efni: Ferli þegar upp kemur COVID-19 smit

1. **Veikindi.** Starfsmaður verður veikur. Fer í COVID-19 próf sem reynist jákvætt.
2. **Smitrakningarteymi hefur samband** við þann sem hefur smitast og eftir atvikum við vinnuveitanda. Spurt er út í aðstæður á starfsstaðnum og samskipti þess smitaða við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólfi.
3. **Tímabil sóttkvíar.** Smitrakningarteymi gefur upp það tímabil sem miða á við og er þá gengið úr frá reglunni: Innan 24 klst og innan 2 metra í meira en 15 mín. með þeim smitaða.
Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klst. áður en fyrstu einkenna varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 24 klst. frá sýnatöku. Dæmi: A fær einkenni 2. maí en greinist með COVID-19 þann 4. maí. Hann hittir B þann 1. maí og þeir unnu saman. B fer þá í 14 daga sóttkví frá 1. maí.
4. **Úrvinnslusóttkví.** Ef vafamál um umgengni eða samneyti starfsfólks koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví sem stendur yfirleitt þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggja fyrir.

Mikilvægt er að leggja áherslu á að starfsfólk haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef það byrjar að finna fyrir einkennum. Helstu einkenni COVID-19 minna á venjulega flensu: Hiti, hósti, bein- og vöðvaverkir og þreyta. Meltingareinkenni (kviðverkir, ógleði/uppköst, niðurgangur) eru ekki mjög áberandi með COVID-19 en eru þó þekkt.

Ef fyrrnefnd einkenni koma upp hjá þér eða fjölskyldu þinni hvetjum við þig eindregið til að hafa samband við heilsugæslu, netspjallið á Heilsuvernd.is eða vaktsíma 1700 með ofangreindar upplýsingar.

Einstaklingur fer í sóttkví ef hann hefur:

- Hefur umgengist fólk sem svo greinist með COVID-19.
- Hefur verið á ferðalagi á skilgreindum áhættusvæðum.

Við viljum einnig benda á leiðbeiningar til framlínustarfsmanna í atvinnulífinu sem eru að finna hér: https://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item38919/Lei%C3%B0beiningar-framl%C3%ADnustarismenn%2010032020_KSJ-IM.pdf

Á öðrum tungumálum hér: <https://www.landlaeknir.is/koronaveira/english/>

Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef embættis landlæknis og á www.covid.is